
*Stefna um sjálfbærni
og samfélagsábyrgð*



Markmið

Markmið stefnunnar er að leggja fram áherslur Stefnis tengdar sjálfbærni og þannig lýsa þeirri samfélagsábyrgð sem félagið gengst við í eigin starfsemi og samkvæmt því umboði sem félaginu er falið við stýringu fjármagns. Stefnan tekur til skuldbindinga af hálfu Stefnis hvað varðar sjálfbærni, heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, ábyrgra fjárfestingar og umhverfisþætti, félagslega þætti og stjórnarhætti.

Stefna um sjálfbærni og samfélagsábyrgð gildir fyrir starfsemi Stefnis og sjóði í stýringu félagsins.

Yfirlýsing um sjálfbærni og samfélags ábyrgð

Ábyrgir og fjölbreyttir fjárfestingakostir auk ítarlegrar greiningar og upplýsingagjafar eru lykilatriði í framkvæmd og sýnileika þeirrar samfélagsábyrgðar sem Stefnir vill standa fyrir. Með því að stuðla að sjálfbærni í starfsemi Stefnis og fjárfestingum fyrir hönd viðskiptavina okkar miðum við að því að hámarka sjálfbært langtíma virði fyrir alla haghafa.

Stefnir og heimsmarkmiðin

Heimsmarkmiðin mynda jafnvægi milli þriggja stöða sjálfbærrar þróunar; hinnar efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu. Stefnir leggur áherslu á eftirfarandi heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í sinni starfsemi:

- Markmið 5: Jafnrétti kynjanna
- Markmið 8: Góð atvinna og hagvöxtur
- Markmið 10: Aukinn jöfnuður
- Markmið 12: Ábyrg neysla og framleiðsla
- Markmið 13: Aðgerðir í loftslagsmálum
- Markmið 17: Samvinna um markmiðin

Stefnir kemur með fjárfestingum sínum að mörgum þáttum í íslensku efnahagslífi og getur með þeim hætti haft jákvæð áhrif á framgang þeirra og með mælanlegum hætti. Virk þátttaka fjármagnseigenda stuðlar að því að Ísland nái markmiðum sínum, samfélagi og umhverfi til góðs.

Ábyrgar fjárfestingar

Stefnir vill vera leiðandi á sviði ábyrgra fjárfestinga en það er sá vettvangur þar sem áhrif okkar geta skapað mest virði fyrir efnahagslíf og samfélagið í heild. Með ábyrgum fjárfestingum er við fjárfestingar tekið tillit til umhverfisþátta, félagslegra þátta og stjórnarháttanna (UFS) með það að markmiði að stýra áhættu og skila sjálfbærri ávöxtun til langs tíma. Félagið getur, í gegnum eignasöfn sjóða, haft mikil áhrif með því að samþætta UFS málefni í fjárfestingarferli sjóða í stýringu. Sérstaklega má í þessu samhengi nefna sérhæfðar fjárfestingar en þar kemur félagið með beinum hætti að rekstri félaga. UFS ráð Stefnis vinnur samkvæmt starfsreglum, veitir stuðning við samval fjárfestinga og fullvissu um að unnið sé samkvæmt þeim viðmiðum um ábyrgar fjárfestingar sem sett eru í starfsemi Stefnis. Starfsmenn Stefnis sem eiga sæti í UFS ráði eru kyndilberar innleiðingar aðferðafræði ábyrgra fjárfestinga í starfsemi félagsins. Stefnir er ábyrgur og virkur eigandi fjármagns fyrir hönd viðskiptavina sinna og fer með atkvæðisrétt á hluthafafundum og stuðlar að umræðu og fræðslu um ábyrgar fjárfestingar. Einnig verða fimm sjóðir Stefnis skilgreindir sem 8.gr sjóðir undir reglugerð ESB nr. 2019/2088 um sjálfbærni tengda upplýsingagjöf í fjármálaþjónustu (SFDR) á næstu misserum.



Umhverfisþættir

Stefnir leggur áherslu á að halda neikvæðum umhverfisáhrifum af starfseminni í lágmarki og vill vera til fyrirmyndar í umhverfis- og loftslagsmálum. Mikilvægt er að félagið þekki hver umhverfisáhrif af starfsemi Stefnis eru og hvernig er hægt að draga úr þeim. Félagið mælir kolefnisfótspor sitt árlega og upplýsir um það í ófjárhagslegum upplýsingum.

Stefnir kaupir viðurkenndar kolefniseiningar til bindingar þeirrar kolefnislosunar sem hlýst af losun í starfsemi félagsins m.a. vegna bílferða starfsmanna í og úr vinnu auk flugsamgangna.

Stefnir birtir einnig fjármagnaðan útblástur gróðurhúsalofttegunda frá eignum sjóða í rekstri Stefnis þar sem m.a. koma fram upplýsingar um losunarstyrk fyrir hverja 1. mkr. fjárfesta í tilteknum sjóði.

Félagslegir þættir

Stefnir vill skapa jákvætt og hvetjandi vinnuumhverfi og styðja við starfsfólk í lífi og starfi. Rík áhersla er lögð á að halda í og laða að framúrskarandi starfsfólk. Hver og einn starfsmaður skal vera metinn óháð uppruna, þjóðerni, kyni, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð eða kynvitund

Stefna um fjölbreytileika, jafnrétti og þátttöku og þau markmið sem í henni er að finna miða að því að Stefnir verði fyrirmyndarfélag sem ýtir undir fjölbreytileika sem endurspeglar það samfélag og þá viðskiptavinum sem við þjónustum í daglegum störfum okkar.

Stjórnarhættir

Stjórn Stefnis telur góða stjórnarhætti vera veigamikinn þátt í árangri Stefnis sem leiðandi sjóðastýringarfyrirtækis á Íslandi. Góðir stjórnarhættir eiga að stuðla að réttum hvötum stjórnar og stjórnenda til að sækja þau tækifæri sem þjóna hagsmunum viðskiptavina, fyrirtækisins, hluthafa og almennings, jafnframt því sem góðir stjórnarhættir auðvelda einnig stjórn að sinna eftirlitshlutverki sínu á skilvirkan hátt til þess að ná markmiðum sínum á þessu sviði.

Stefnir er fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum og fylgir þeim lögum og reglum sem um starfsemina gilda og viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.



Skuldbindingar og frumkvæði Stefnis í sjálfbærni

Á árinu 2020 tók Stefnir þátt í að undirrita viljayfirlýsingu um fjárfestingar í þágu sjálfbærrar uppbyggingar. Félagið skuldbindur sig þar meðal annars til að til að birta stefnu um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar og veita upplýsingar um leiðir í þessum efnum.

Stefnir er vikur þátttakandi í umræðu um ábyrgar fjárfestingar, m.a. í gengum IcelandSIF, samtök um ábyrgar fjárfestingar á Íslandi, sem Stefnir er stofnaðili að. Stefnir er einnig aðili að PRI, helsta málsvara ábyrgra fjárfestinga á heimsvísu, og skuldbindur sig þar með til að veita upplýsingar um hvernig tekið er tillit til umhverfisþátta, félagslegra þátta og stjórnarháttanna við stýringu fjárfestinga.

Stefnir hefur sett sér Siðareglur birgja. Markmið þeirra er að leggja fram áherslur Stefnis tengdar birgjum og gagnsæi í innkaupum og þjónustu. Siðareglunum er ætlað að gefa góða mynd af því til hvers við æskjum

af okkar birgjum varðandi umhverfi, fjölbreytileika og mannréttindi og stjórnarhætti. Stefnir hefur jákvæð áhrif á nær samfélag sitt með stuðningi við ýmis [málefni](#).

Ábyrgð stefnu

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að stefnunni sé fylgt, hún kynnt starfsfólki og haghöfum.

Endurskoðun stefnu, birting og gagnsæi

Stefna þessi er endurskoðuð árlega af stjórn Stefnis og birt á heimasíðu félagsins. Í árlegri ófjárhagslegri upplýsingagjöf Stefnis sem byggir á UFS leiðbeiningum Nasdaq OMX má finna upplýsingar um umhverfisþætti, félagslega þætti og stjórnarhætti í starfsemi Stefnis.

Sjálfbærni- og samfélagsskýrsla Stefnis er gefin út árlega, samhliða ársskýrslu stjórnar, í samræmi við alþjóðleg viðmið og yfirfarin af óháðum þriðja aðila.